# SIGRAST Á HEIMINUM og finna hvíld

**Russell M. Nelson forseti**
forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Vegna þess að **JESÚS KRISTUR** sigraði þennan fallna heim og vegna þess að hann friðþægði fyrir sérhvert okkar, getið þið líka sigrast á þessum syndmettaða, sjálfhverfa og oft lýjandi heimi.



[Þið getið] risið ofar þessum ótrygga heimi, ef þið iðrist sannlega og leitið hjálpar hans [og fundið sanna *hvíld*].

## HVERNIG SIGRUMST VIÐ Á HEIMINUM?



Leita og fylgja hvatningu andans.



Iðrast daglega og halda sáttmála sem veita okkur kraft.



Haldið ykkur á sáttmálsveginum.

*Úr aðalráðstefnuræðu í október 2022.*

## HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ AÐ SIGRAST Á HEIMINUM?

Það þýðir:



- Að sigrast á þeirri freistingu að huga meira að því sem þessa heims er, en því sem Guðs er.



- Að treysta kenningu Krists, meira en heimspeki manna.



- Að gleðjast yfir sannleikanum, hrylla við blekkingum og verða „auðmjúkir fylgjendur Krists."



- Velja að forðast allt sem hrekur andann í burt og að vera fús að „láta af" jafnvel okkar kærustu syndum.



- Að vaxa að elsku til Guðs og hans elskaða sonar, meira en þið elskið nokkurn eða nokkuð annað.



**FRELSARINN *LYFTIR* OKKUR** ofar aðdráttarafli þessa fallna heims, með því að blessa okkur með meiri kærleika, auðmýkt, örlæti, góðvild, sjálfsaga, friði og *hvíld*.

**VEGNA ÞESS AÐ JESÚS KRISTUR SIGRAÐI HEIMINN, ÞÁ GETIÐ ÞIÐ ÞAÐ LÍKA.**

MYNDSKREYTING: BRYAN BEACH